



Berist til sýslumanns í umdæmi þar sem starfsemi er fyrirhuguð

Sótt er um leyfi til:		
Framleiðslu áfengis - Gjald kr.214.000.-*	Innflutnings áfengis- Gjald kr. 32.000.-*	Heildsölu áfengis – Gjald kr. 65.000.-*
Nýtt leyfi.	Breyting á leyfi (skrá uppl. í athugasemd).	Endurnýjun.
*Framleiðsluleyfi veitir heimild til framleiðslu, innflutnings áfengis til framleiðslunnar og til sölu áfengis. *Innflutningsleyfi veitir heimild til innflutnings og sölu innflutts áfengis. *Heildsöluleyfi veitir heimild til sölu áfengis og innkaupa í því skyni.		

Umsækjandi: Einstaklingur eða lögaðili:		
Nafn einstaklings eða lögaðila:	Kennitala:	Netfang:
Heimilisfang:	Póstnúmer og staður:	Sími / Símar:
Starfsstöð:	VSK-númer:	

Fyrirsvarsmaður/ábyrgðarmaður:		
Fullt nafn:	Kennitala:	Netfang:
Lögheimili:	Póstnúmer og staður:	Sími / Símar:
VSK-númer:		

<b>Nauðsynleg fylgigögn:</b>	Vottorð fyrirtækjaskrár (ef lögaðili). Staðfest VSK-númer. Afrit iðnaðar-eða veitingaleyfis. Afrit starfsleyfis heilbr. Nefndar (ef við á).
------------------------------	--

Athugasemdir umsækjanda:

Yfirlýsing og undirskrift:	
Með undirritun minni hér að neðan staðfesti ég að hafa kynnt mér ákvæði áfengislaga nr. 75/1998 og reglugerðar nr. 828/2005 um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis á atvinnuskyni, m.a. um skilyrði fyrir veitingu leyfa og viðurlög við brotum.	
Mér er jafnframt kunnugt um að leyfi samkvæmt framangreindu eru ávallt gefin út með fyrirvara um að það varði ríkissjóð ekki skaðabótaskyldu þótt gildistími leyfis verði stytur eða skilyrðum leyfis á annan hátt breytt meðan það er í gildi.	
Staður og dagsetning:	Undirskrift umsækjanda:
Staður og dagsetning	Undirskrift forsvarsmanns eða umboðsmanns umsækjanda:



## Upplýsingar fyrir umsækjendur um leyfi til framleiðslu, innflutnings eða heildsölu áfengis skv. 5.-9. gr. áfengislaga nr. 75/1998

### Almenn skilyrði fyrir veitingu leyfis til framleiðslu, innflutnings eða heildsölu áfengis

- Að aðili stundi í atvinnuskyni eitt af neðangreindu eða hafi *leyfi til tollfrjálsrar verslunar*:
  - innflutning og/eða heildsölu skv. lögum um verslunaratvinnu nr. 28/1998
  - framleiðslu áfengra drykkja og hafi til þess *iðnaðarleyfi*
  - veitingarekstur í atvinnuskyni og hefur *leyfi til áfengisveitinga* skv. lögum 85/2007
- Að aðili hafi tilkynnt ríkisskattstjóra um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá.
- Að aðili hafi tilkynnt ríkisskattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.
- Sæki einstaklingur um skal hann vera orðinn 20 ára.
- Sæki félag með *ótakmarkaðri ábyrgð* um leyfi skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára.
- Sæki félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára.

### Gildistími leyfa og gjaldtaka

- Framleiðslu-, innflutnings- eða heildsöluleyfi sem gefið er út til umsækjanda í fyrsta sinn gildir í eitt ár.
- Ef leyfi er endurnýjað að ári er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun skv. 24. gr. áfengislaga.
- Útgefin leyfi eru bundin við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi.
- *Breyting á gildandi leyfi getur falið í sér að nýr forsvarsmaður/ábyrgðarmaður taki við, breyting sé á starfsemi leyfishafa eða starfsstöð leyfishafa. Með umsókn um breytingu á gildandi leyfi þurfa að fylgja gögn eftir því sem við á. Sé um að ræða breytingu á starfsstöð, sem felur í sér flutning starfseminnar úr umdæmi leyfisveitanda í annað umdæmi, þarf að sækja um nýtt leyfi til sýslumanns í því umdæmi.*
- Greiða skal gjald fyrir útgáfu nýs leyfis og endurnýjun þess, svo og eftirlitsgjald, skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. *Ekki skal greiða sérstakt gjald vegna breytinga á forsvarsmanni/ábyrgðarmanni. Við breytingu á starfsemi leyfishafa skal greiða mismun þess gjalds sem tekið var við útgáfu upphaflegs leyfis og gjalds fyrir hið nýja leyfi, sé um breytingu í dýrara leyfi að ræða. Ekki er endurgreitt vegna breytingar úr dýrara leyfi yfir í ódýrara. Ef flutt er með starfsemi í nýtt húsnæði þarf að sækja um nýtt leyfi og greiða tilskilið gjald fyrir það.*

### Leyfissviptingar, refsingar, eftirlit o.fl.

- Leyfisveitandi skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.
- Verði leyfishafi uppvis að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða hann uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal leyfisveitandi veita honum skriflega áminningu. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því hún hefur verið birt leyfishafa. Verði leyfishafi uppvis að frekari vanrækslu meðan áminning er í gildi varðar það sviptingu leyfis um ákveðinn tíma.
- Brot gegn áfengislögum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum.
- Innflutningur, sala eða framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.
- Lögreglustjóri í því umdæmi þar sem starfsstöð leyfishafa er hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa, auk þess að hafa almennt eftirlit með framleiðslu, sölu og meðferð áfengis skv. áfengislögum nr. 75/1998.
- Ríkisskattstjóri og tollstjóri hafa auk þess með höndum eftirlit með starfsemi leyfishafa, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 828/2005.